

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 222/2015

2017/EES/19/26

frá 25. september 2015

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/653 frá 24. apríl 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 24f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 L 0653**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/653 frá 24. apríl 2015 (Stjútíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 68).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2015/653, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Ingrid Schulerud**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 68.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.